

Þriðjudaginn 22. júní 1948.

Nr. 42/1946. **Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, Félag blikksmiða í Reykjavík, Félag járníðnaðarmanna í Reykjavík, Félagið Skjaldborg, Iðja, félag verksmiðjufólks, Rakarasveinafélag Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagið Sókn, Sveinafélag húsgagnasmíða í Reykjavík, Sveinafélag skipasmíða í Reykjavík, Verkamannafélagið Dagsbrún og Þvottakvennafélagið Freyja**
(Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn

Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f, Jóni Axel Péturssyni, Jónasi Guðmundssyni, Guðgeiri Jónssyni, dánarbúi Sigurðar Ólafssonar og Jónínu Guðjónsdóttur

(Bæjarfógeti Guðmundur Í. Guðmundsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og
próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Gizurar
Bergsteinssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um öflun frekari gagna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á því að afla eftirtalinna skýrslna:

1. Laga Alþýðusambands Íslands frá upphafi, en þó sérstaklega laga þeirra, er voru í gildi, þegar kaupin á húseigninni Iðnó voru ráðin árið 1929.

2. Reglna fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík frá upphafi, en þó sérstaklega þeirra, er giltu á þeim tíma, sem greinir í 1. Einnig sé aflað vitneskju um, hvort stjórn Alþýðusambandsins hafi staðfest reglur þessar, þegar slík staðfesting var áskilin.

3. Kaup- og afsalsgerninga um lóðirnar nr. 8—10 við Hverfisgötu árið 1919, svo og um lóðir þessar og húseign þar árið 1934.

4. Gagna um, hvaða venjur hafi gilt innan Alþýðusam-

bandsins og fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík um áhrif þess á atkvæðisrétt félaganna á fundum Alþýðusambands og fulltrúaráðs, að þau höfðu ekki staðið í skilum með greiðslu skattgjalds til þessara aðilja. Einnig sé aflað vitneskju um, hvort ályktun í 3. lið fundargerðar stjórnar fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík 7. des. 1938 hafi verið tilkynnt félögum þeim, sem þar eru talin.

5. Gagna um, hvaða verkalýðsfélög voru fullgildir aðiljar innan fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík, þegar mál þetta var höfðað.

Loks ber að afla þeirra frekari gagna, sem framangreindar skýrslur kunna að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á öflun framangreindra gagna.

Miðvikudaginn 23. júní 1948.

Nr. 63/1946. **Ólafur Blöndal**

gegn

Kjartani Bergmann Guðjónssyni.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Í þinghaldi í máli þessu var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, að mál þetta yrði hafið.

Af hálfu stefnda var einnig sótt þing og krafizt ómaksbóta.

Málið er hafið, og greiði áfrýjandi Ólafur Blöndal stefnda Kjartani Bergmann Guðjónssyni 400 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
